

Miðvikudaginn 4. apríl 1962.

Nr. 13/1962. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Stjórn Lífeyrissjóðs togarasjómanna
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

og

Stjórn Lífeyrissjóðs togarasjómanna
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og
þrotabúi Ísfirðings h/f**
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómarmararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason,
Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og Magnús Torfason
prófessor.

Lögveð fyrir iðgjöldum til Lífeyrissjóðs togarasjómanna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1962 og krafizt þess, aðallega að löðveðtryggð krafa gagnáfrýjanda í uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260, verði færð niður í kr. 257.052.78, en til vara niður í kr. 314.698.02 án innheimtulauna og kostnaðar, og loks að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. marz 1962 og krafizt þess, að honum verði dæmd af uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260, lögveðtryggð krafa, að fjárhæð kr. 544.245.31 auk innheimtulauna og kostnaðar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur stefnda, þrotabúi Ísfirðings h/f.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 49/1958 skulu sjóðfélagar inna 4% af heildarlaunum sínum í iðgjöld til Lífeyrissjóðs togarasjómanna, og ber launagreiðanda að halda þeim eftir

og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Iðgjöld þessi eru hluti af kaupum sjómanna. Eru þau því tryggð með sjóveðrétti samkvæmt 2. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914, sem fyrnist eftir 252. gr. sömu laga. Öðru máli gegnir um þau 6% af heildarárslaunum sjóðfélaga, er launagreiðandi skal inna af hendi til lífeyrissjóðsins. Hér er um að tefla tillag launagreiðanda, sem eigi er tryggt sjóveði eftir 2. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914. Með lögum nr. 34/1960 er hins vegar svo kveðið á, að iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðanda skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi togara og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Ákvæði þetta tekur einungis til iðgjalda, sem falla í gjalddaga eftir gildistöku laganna, þ. e. frá 30. maí 1960.

Með skírskotun til þess, sem rakið var, og samkvæmt því, sem í ljós er leitt, eru iðgjöld þau til Lífeyrissjóðs togarasjómannna, er nú verða talin, tryggð lögveði í uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260.

- | | |
|---|---------------|
| 1. Iðgjöld sjómanna, 4% af kaupum, fyrir 17. nóvember 1959 | kr. 28.550.03 |
| 2. Iðgjöld sjómanna, 4% af kaupum, frá 17. nóvember 1959 til 30. maí 1960 | — 43.501.94 |
| 3. Öll iðgjöld eftir 30. maí 1960 | — 257.052.78 |

Alls kr. 329.104,75

Hér frá dragast samkvæmt málflutningi kr. 8.854.00

Kr. 320.250.75

Ber að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð sem lögveðtryggða kröfu af uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Greiða ber gagnáfrýjanda, stjórn Lífeyrissjóðs togarasjómannna, kr. 320.250.75 sem lögveðtryggða kröfu af uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Ísafjarðar 3. febrúar 1962.

Ár 1962, laugardaginn 3. febrúar, var í uppboðsrétti Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 29. janúar s.l.

Í máli þessu hefur sóknaraðili gert þær kröfur, að öll ógreidd iðgjöld Ísfirðings h.f. vegna b.v. Sólborgar, ÍS 260, samkvæmt 9. grein laga nr. 49/1958 verði greidd honum af uppboðsandvirði skipsins sem lögveðkröfur, en þær nema samtals kr. 544.245.31 auk vaxta, innheimtulauna og málskostnaðar, sem hann hefur einnig sett fram kröfur um.

Umboðsmaður fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur gert þær dómkröfur, að aðeins verði viðurkenndur lögveðréttur í b/v Sólborgu aðallega fyrir kr. 257.052.78, en til vara kr. 371.929.79. Þá hefur hann aðallega krafizt þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður, en til vara, að hann verði látinn falla niður.

Ísfirðingur h.f. hefur gert þá kröfu, að frá fjárhæðum lífeyrissjóðsins verði dregnar kr. 14.584.10, iðgjöld færeyskra sjómanna, sem félagið endurgreiddi þeim, án þess að fyrir lægi samþykki sjóðsins. Að öðru leyti setti Ísfirðingur h.f. ekki fram sjálfstæðar kröfur í málinu.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 17. nóvember 1960, krafðist Jón Ingimars-son lögfræðingur f. h. stjórnar Lífeyrissjóðs togarasjómannanna sölu á nauðungaruppboði á b/v Sólborgu, ÍS 260, til fullnustu gjaldföllnu, en ógreiddu 10% iðgjaldi til lífeyrissjóðsins síðan 26. desember 1958, svo og vöxtum og innheimtukostnaði. Samkvæmt heimild í lögum nr. 49/1951 um sölu lögveða hafði áður verið birt greiðsluáskorun til togaraeigenda í 96. tbl. Lögbirtingablaðs, sem kom út 24. september 1960. Auglýsing um nauðungaruppboðið á b/v Sólborgu var birt í Lögbirtingablöðum nr. 119, 121 og 123/1960, sem út komu 14. og 31. og 28. desember 1960, og var uppboðsdagur ákveðinn 26. janúar 1961.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 1/1961 og lögum

nr. 48/1961 var uppboðinu frestað þangað til 29. janúar 1962, að skipið var selt. Varð fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hæstbjóðandi með boð, að upphæð kr. 2.900.000.00, og krafðist hann útlagningar sem ófullnægður 1. veðréttarhafi.

Við uppboðið mótmælti hann kröfum uppboðsbeiðanda, og fór fram munnlegur flutningur um ágreininginn 29. jan. s.l., og var málið tekið til úrskurðar að honum loknum.

Upphafleg krafa uppboðsbeiðanda nam kr. 296.048.10 auk vaxta og kostnaðar, en síðar lagði hann fram í málinu viðbótarkröfur, og voru lokakröfur hans kr. 544.215.31 auk vaxta og kostnaðar, og krafðist hann þess, að upphæðirnar yrðu sér greiddar sem lögveðkröfur.

Við munnlegan flutning málsins lýstu aðiljar því yfir, að ekki væri ágreiningur um upphæð fjárkröfunnar. Uppboðsbeiðandi hélt því fram í málinu, að fyrir kröfum hans væri lögveð í b/v Sólborgu. Þetta hefur umboðsmaður fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs véfengt og haldið því fram, að lögveðrétturinn næði ekki til iðgjalda fyrir 30. maí 1960, heldur aðeins til þeirra upphæða, sem fallið hefðu til eftir þann tíma, eða kr. 257.052.78, og er það aðalkrafa hans, að hærri upphæð verði ekki greidd af uppboðsandvirði b/v Sólborgar og veitt lögveð fyrir.

Varakrafa hans um greiðslu kr. 371.929.79 er þannig til kominn, að við framangreindar kr. 257.052.78 er bætt iðgjaldshluta sjómanna á b/v Sólborgu, 4% af kaupi þeirra, sem eiganda skipsins bar að standa skil á til sjóðsins.

Lífeyrissjóður togarasjómannna var stofnaður með lögum nr. 49/1958. Samkvæmt lögnum skyldu allir vera sjóðfélagar, sem lögskráðir væru á íslenska togara, og skyldu þeir greiða í iðgjöld 4% af heildarárslaunum sínum, og bar launagreiðanda skylda til að halda iðgjöldunum eftir af kaupi þeirra, og standa skil á því til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Launagreiðendur skyldu á hinn bóginn greiða 6% af heildarárslaunum sjómanna til sjóðsins sem eigið framlag. Í lögnum voru engin ákvæði til að tryggja iðgjöldin, ef vanskil bæri að.

Með lögum nr. 34/1960 var svo ákveðið, að iðgjöldin skyldu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi togara og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Þessi lög öðluðust gildi 30. maí 1960.

Uppboðsbeiðandi hefur haldið því fram, að hann ætti lögveðrétt í b/v Sólborgu fyrir iðgjöldunum, frá því að sjóðurinn var stofnaður. Hefðu lög nr. 34/1960 verið sett til að staðfesta

réttarstöðu, sem var fyrir hendi, og ákvæðin í þeim náð til allra iðgjalda, sem þá voru fallin í gjalddaga og þau með þeim hætti verkað aftur fyrir sig. Þá hefur hann haldið því fram, að á iðgjöldin til sjóðsins bæri að líta sem launaviðbót og ættu þau því að njóta sjóveðréttar, eins og kaup sjómanna að öðru leyti.

Þá hefur uppboðsbeiðandi haldið því fram, að hvað sem öðru líði, bæri að veita sjóveð fyrir þeim 4% iðgjaldanna, sem launagreiðandi ætti að taka af kaupi lögskráðra sjómanna og standa skil á til sjóðsins, þar sem þar væri í raun og veru um sjóveðtryggt kaup að ræða.

Umboðsmaður fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs mótmælti sjónarmiðum uppboðsbeiðanda og hélt því fram, að lög nr. 34/1960 hafi verið sett til þess að skapa lífeyrissjóði togarasjómanna rétt, sem hann hafði ekki áður. Þá hefur hann haldið því fram, að það sé meginregla í íslenskum rétti, að lög verki ekki aftur fyrir sig, þ. e. aðeins frá þeim tíma, sem þau öðlast gildi. Þá kvað hann varakröfuna ekki koma til greina.

Það verður að fallast á, að lögin frá 30. maí 1960 verki ekki aftur fyrir sig. Á hinn bóginn féllst dómariinn á það sjónarmið uppboðsbeiðanda, að lögveð (sjóveðréttur) fylgi þeim hluta iðgjaldsins, sem kaupgreiðanda bar að standa skil á af kaupi sjóðfélaga (4%). Sú krafa er frá upphafi tryggð með sjóveðrétti í skipi, og virðist eðlilegt, að hann haldist, meðan ekki hafa verið gerð skil og aðrar ástæður valda ekki niðurfalli hans.

Niðurstaða málsins verður því sú, að taka ber til greina af kröfum uppboðsbeiðanda kr. 371.929.79 auk vaxta, innheimtulauna og kostnaðar sem lögveðkröfur.

Undir munnlegum flutningi málsins var þeirri kröfu hreyft, að draga bæri frá fjárkröfum lífeyrissjóðsins kr. 14.584.10, iðgjöld, sem Ísfirðingur h/f endurgreiddi færeyskum sjómönnum án heimildar frá sjóðsstjórninni.

Um þetta atriði féll dómur fyrir bæjarþingi Ísafjarðar 8. júní 1960. Verður niðurstaða þess dóms að teljast bindandi um það atriði, meðan henni hefur ekki verið hrundið.

Kemur þetta því ekki til úrlausnar hér.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Lífeyrissjóði togarasjómanna skal greiða sem lögveðkröfu

af uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260, kr. 371.929.79 auk vaxta, innheimtulauna og kostnaðar.

Krafa um greiðslu kr. 14.584.10, endurgreidd iðgjöld fær-
eyskra sjómanna, verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. apríl 1962.

Nr. 179/1961. **Júpiter h/f og Marz h/f**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Þorsteini Þorleifssyni og gagnsök
(Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 29. nóvember 1961, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða kr. 283.675.40 með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verði lögð fram í Hæstarétti. Þar á meðal hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur gert 10. desember 1961 nýja áætlun um atvinnutjón gagnáfrýjanda. Samkvæmt þeirri áætlun eru samsvarandi liðir og getur í fyrri áætlunum tryggingafræðingsins og lýst er í héraðsdómi þannig: A-liður, samtals kr. 171.920.00, B-liður, samtals kr. 210.605.00, og C-liður, samtals kr. 290.624.00. Þá hefur og Bergþór Smári læknir lýst því í vottorði, dags. 20.